

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017
vegna Hverahvamms - Hverhamars.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 1. ágúst 2013 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. júní 2013. Niðurstaða bæjarstjórnar var auglýst 26. júní 2013.

Breytingin felst í að hverfisvernd er aflétt á um 122 m² svæði þar sem Varmá fellur við gilið í Hverahvammi. Afmörkun svæðisins, sem er skilgreint sem blönduð landnotkun verslunar- og þjónustusvæðis, íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota (Í8), er óbreytt en innan reitsins stækkar sá hluti sem tilheyrir verslunar- og þjónustusvæði til suðurs sem þessu nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 1. ágúst 2013.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Birna Björk Árnadóttir.